

Föstudaginn 17. apríl 1970.

Nr. 43/1969. **Fjörður h/f**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Seyðisfjarðarbæ
(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1969 og krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til þrautavara krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst stefndi þess, að riftað verði samningi aðilja frá 4. nóvember 1966 um byggingu fjölbýlishúss við Vesturveg á Seyðisfirði. Þá krefst stefndi þess, að áfrýjanda verði dæmt að endurgreiða honum skuld samkvæmt viðskiptareikningi þeirra aðiljanna, kr. 1.425.131.75, að frádregnu verðmæti þeirra mannvirkja, er áfrýjandi hefur látið gera sem hluta af byggingu fyrrgreinds fjölbýlishúss, en það telur stefndi nema kr. 404.300.00 samkvæmt mati dómkvaddra manna. Hinn 27. janúar 1969 dómkvaddi bæjarfógetinn á Seyðisfirði að beiðni stefnda þá Garðar Eymundsson og Ernst Pettersen til þess „að meta til peningaverðs þær framkvæmdir við fjölbýlishúsbyggingu á Fjarðartúni, sem

teljast myndu fullunnar og yrðu hluti af byggingunni sjálfri“. Af matsgerð hinna dómkvöddu manna frá 30. janúar 1969 verður eigi séð, að fyrirsvarsmönnum áfrýjanda hafi verið gefið færi á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við matið, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936. Mátti héraðsdómari því eigi leggja matið til grundvallar dómi í máli þessu. Er málið þegar af þessari ástæðu svo vanreifað, að eigi verður dómur á það lagður. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi.

Það athugast, að rétt hefði verið af héraðsdómara að dæma mál þetta með sérfróðum samdómendum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjandi lét eigi sækja þing í héraði, þótt honum væri löglega stefnt. Verður því að dæma hann til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Fjörður h/f, greiði stefnda, Seyðisfjarðarbæ, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 14. febrúar 1969.

Árið 1969, föstudaginn 14. febrúar, kl. 1000, var í bæjarþingi Seyðisfjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 7/1969: Seyðisfjarðarbær gegn Firði h/f, sem dómtekið var samdægurs.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 5. þ. m., en birtri 6. þ. m., af Seyðisfjarðarbæ gegn Firði h/f, Seyðisfirði, til riftunar á verksamningi og til endurgreiðslu á kr. 1.425.131.75, að frádregnum kr. 404.300.00, með 9% ársvöxtum af kr. 1.384.698.30 frá 21. desember 1967 til 2. apríl 1968, en af kr. 1.425.131.75 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Málavextir eru þeir, að með verksamningi, dags. 4. nóvember

1966, tók stefndi að sér að reisa á Seyðisfirði fyrir stefnanda sambýlishús fyrir heildarupphæð kr. 5.448.000.00, er skila skyldi tilbúnu undir tréverk eigi síðar en 1. október 1967. Fyrir þessa upphæð átti stefndi að leggja til alla vinnu og allt efni nema steypustyrktarstál og miðstöðvarofna og þera af verkinu allan kostnað og gjöld. Greiðsla skyldi innt af hendi þannig, að kr. 600.000.00 voru greiddar við undirritun samnings, en eftirstöðvar síðan hlutfallslega eftir því sem verki miðaði áfram.

Verkið stöðvaðist hjá stefnanda í nóvember 1967, og hafði þá verið steypdur grunnur undir húsið, sem síðar hefur verið metinn af mönnum, útnefndum af dómara, á kr. 404.300.00. Þá hafði einnig verið slegið upp fyrir hæð, en uppsláttur kom ekki að notum, með því að ekki var steyp t í hann.

Stefnandi hefur lagt fram viðskiptareikning við stefnda, sem sýnir, að hann hafði 21. desember 1967 fengið greiddar kr. 1.384.698.30. En með endurgreiðslum og leiðréttingum teljast greiðslur til stefnda endanlega hafa orðið kr. 1.425.131.75.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Með því að hann hefur ekki gert tilraun til að hnekkja kröfum stefnanda, verður eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en þau eru í samræmi við dómkröfur hans, sem verða því teknar til greina að öllu leyti, nema dráttarvextir reiknast af nettóupphæðinni.

Málskostnaður ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Stefnanda, Seyðisfjarðarbæ, skal heimilt að rifta verksamningi við stefnda, Fjörð h/f, um byggingu sambýlishúss á Seyðisfirði.

Stefndi, Fjörður h/f, greiði stefnanda, Seyðisfjarðarbæ, kr. 1.020.831.00 með 9% ársvöxtum af kr. 980.398.00 frá 21. desember 1967 til 2. apríl 1968, en af kr. 1.020.831.00 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað, kr. 80.000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.